

Alþingi 25.11.2014

Málsnr.: 1410054

Málalykill: 0.34.8

KÆRUNEFND  
GREIÐSLUAÐLÖGUNARMÁLA  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Í tilefni af beiðni velferðarnefndar Alþingis á fundi nefndarinnar 19. nóvember 2014 um umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála eru af hálfu kærunefndar greiðsluaðlögunarmála settar fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar til velferðarnefndarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við gildistöku þess komi úrskurðarnefnd velferðarmála í stað kærunefndar greiðsluaðlögunarmála. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skal málum, sem við gildistöku laganna hafa verið tekin til efnismeðferðar eða ákvörðunar um framsendingu eða frávisun á fundi kærunefndar, lokið hjá þeirri nefnd sem hefur þau til meðferðar. Af þessu leiðir að öll önnur mál flytjast til úrskurðarnefndar velferðarmála þann dag sem lagafrumvarpið tekur gildi. Í dag liggja fyrir 260 óafgreidd mál hjá kærunefnd greiðsluaðlögunarmála og enn hafa engin þeirra verið tekin til efnismeðferðar.

Samkvæmt 12. gr. frumvarps til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála er gert ráð fyrir því að frumvarpið öðlist lagagildi 1. janúar 2015. Því má ætla að um það bil 250 mál muni flytjast til úrskurðarnefndar velferðarmála þann dag frá kærunefnd greiðsluaðlögunarmála. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. lagafrumvarpsins skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurð eða gefa álit svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli.

Telja verður útilokað að úrskurðarnefndin geti annað þessum málafjölda á tilsettum tíma auk þeirra mála sem nefndinni berast eftir 1. janúar 2015 ásamt öllum þeim málum sem einnig munu flytjast til úrskurðarnefndarinnar frá þeim nefndum sem lagðar verða af við gildistöku lagafrumvarpsins. Þá er sérstaklega litið til þess að einungis er gert ráð fyrir því samkvæmt 2. gr. frumvarpsins að formaður úrskurðarnefndarinnar og tveir varaformenn verði í fullu starfi en aðrir nefndarmenn verði skipaðir eins og verið hefur, þ.e. án þess að vera þar í fullu starfi, sem er í frumvarpinu talin ein af megin ástæðum þess að ekki hefur tekist að afgreiða kærumál með nægum hraða hjá þeim nefndum sem lagðar verða af með gildistöku lagafrumvarpsins.

Verði ekki hugað betur að þessum annmarka má gera ráð fyrir því að ekki verði unnt að uppfylla þann megintilgang lagafrumvarpsins að auka skilvirkni og hraða málsmeðferð í kærumálum sem koma til meðferðar úrskurðarnefndar velferðarmála verði frumvarpið að lögum.

Fyrir hönd kærunefndar greiðsluaðlögunarmála

A handwritten signature in blue ink, reading "Sigríður Ingvarsdóttir".

Sigríður Ingvarsdóttir formaður